

# REGLUR

## um útboðslýsingar verðbréfasjóða.

### 1. gr.

Reglur þessar taka til innlendra verðbréfasjóða sem starfa hér á landi á grundvelli laga um verðbréfasjóði og reglna settra samkvæmt þeim lögum.

### 2. gr.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu vegna hvers verðbréfasjóðs sem það annast rekstur á.

### 3. gr.

Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar sem viðskiptavinum verðbréfasjóða eru nauðsynlegar til að geta metið þá fjárfestingu sem þeim stendur til boða.

Í útboðslýsingu skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

*Upplýsingar um verðbréfasjóð:*

1. Heiti.
2. Stofndagur.
3. Hvort sjóður er deildaskiptur.
4. Hvar fá megi reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins.
5. Stutt lýsing á skattareglum og skattalegri meðferð sem gilda um verðbréfasjóðinn og upplýsingar um kostnað og annan frádrátt frá tekjum eða hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins sem eigendur hlutdeildarskírteina fá í sinn hlut.
6. Birtingartími ársreiknings og ársfjórðungsuppgjörs og hvenær arður eða annar hagnaður af verðbréfum sjóðsins verði greiddur út.
7. Nöfn og heimilisfang löggiltra endurskoðenda sjóðsins.
8. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina, meðal annars:
  - eðli þeirra réttinda sem hlutdeildarskírteini veitir,
  - skilríki sem veita sönnun fyrir eignarrétti að hlutdeildarskírteinum og/eða, færslum á skrá eða reikning,
  - einkenni hlutdeildarskírteina. Tilgreining á fyrirfram ákveðnu verðgildi,
  - atkvæðisréttur eigenda hlutdeildarskírteina ef við á,
  - við hverjar aðstæður megi ákveða að gera upp sjóðinn og hvernig að því skuli staðið, einkum með tilliti til réttar eiganda skírteina.
9. Þar sem við á skal tilgreina á hvaða skipulegum mörkuðum hlutdeildarskírteinin eru eða munu verða skráð eða ganga kaupum og sölum.
10. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina.
11. Tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina og við hverjar aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn.
12. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna.
13. Fjárfestingarmarkmið verðbréfasjóðsins, þar á meðal fjárhagslegur tilgangur (þ.e. upp-söfnunar- eða tekjusjóður), fjárfestingarstefna (t.d. sérhæfing eftir landsvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining um aðferðir og skjöl eða lántökuheimild sem heimilt er að nota við rekstur sjóðsins.
14. Reglur um mat eigna.
15. Ákvörðun um sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina, meðal annars:

- hvernig og hve oft verð sé reiknað,
  - upplýsingar um gjöld af sölu, útgáfu, endurkaup eða innlausn skírteina,
  - hvernig og hvar og hve oft þetta verð sé birt.
16. Upplýsingar um þóknun er verðbréfasjóðurinn greiðir rekstrarfélagi, vörslufyrirtæki eða þriðja aðila, hvers eðlis hún sé, upphæð hennar og endurgreiðslu sjóðsins á kostnaði til þeirra.

*Upplýsingar um rekstrarfélag:*

1. Heiti, félagsform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa.
2. Stofndagur.
3. Aðrir verðbréfasjóðir sem félagið annast rekstur á.
4. Nöfn og staða þeirra manna innan félagsins sem eiga sæti í fyrirsvars-, stjórnunar- og eftirlitshópum þess. Upplýsingar um helstu störf þeirra utan félagsins, ef þau skipta máli hvað félagið snertir.
5. Hlutfé og hve mikið hefur verið greitt.

*Upplýsingar um vörslufyrirtæki:*

1. Heiti og félagsform.
2. Skráð skrifstofa.
3. Meginstarfsemi.

Samþykktir verðbréfasjóðs skulu vera hluti útboðslýsingar og fylgja henni. Upplýsingar sem fram koma í samþykktum verðbréfasjóðs þarf ekki að taka sérstaklega fram í útboðslýsingu.

4. gr.

Útboðslýsing skal liggja frammi á starfsstöð rekstrarfélags verðbréfasjóðsins og kynnt viðskiptamönnum verðbréfasjóða áður en viðskipti fara fram. Í hvers konar auglýsingum eða kynningum sem fela í sér tilboð um kaup á hlutdeildarskírteinum skal tekið fram að útboðslýsing verðbréfasjóðs sé fyrir hendi og hvar almenningur getur nálgast hana.

5. gr.

Útboðslýsing verðbréfasjóðs skal send Fjármálaeftirlitinu. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar skulu þær sendar Fjármálaeftirlitinu og kynntar viðskiptamönnum verðbréfasjóðs með opinberum hætti.

Helstu atriði útboðslýsingar skulu að jafnaði endurnýjuð eigi sjaldnar en árlega.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 39. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 10 frá 5. mars 1993 með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um útboðslýsingar verðbréfasjóða nr. 616 frá 22. nóvember 1996.

*Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**